

Þegar undirbúningur sýningarinnar hófst lá beinast við að leita með hugmyndavinnu og textagerð til Óskars Guðmundssonar, sagnfræðings og rithöfundar í Reykholti. Hann ritaði sögu sína um Snorra að stórum hluta í Snorrastofu og JPV-útgáfa gaf hana síðan út haustið 2009. Óskar vann fyrstu hugmyndir sínar strax árið 2009 og í kjölfarið voru hönnuðir og valinkunnir handverksmenn fengnir til að vinna þetta vandasama verk með Óskari og auðvitað okkur hinum sem í Reykholti störfum, sem öll höfum sterkar skoðanir í þessum efnum. Hönnuðirnir Birna Geirfinnsdóttir og Lóa Auðunsdóttur gáfu sýningunni fallegan heildarblæ og Sigríður Kristinsdóttir annaðist ýmis afmörkuð verkefni á sviði hönnunar og teikningar. Sigríður teiknaði grunnmynd vígásanna við inngang sýningarinnar og þróaði síðan hönnun þeirra í samvinnu við Bjarte Aerseth, útskurðarmeistara Þjóðminjasafns Noregs. Þá hannaði hún að stórum hluta barnahornið, m.a. heimsmynd goðafræðinnar, skrifpúltið sem er á miðju gólfi, og hreyfimynd af Snorralaus, sem varpað er á gólfið. Þá setti hún saman myndbandið, sem sýnir fornleifarannsóknir á bæjarstæðinu í Reykholti, ásamt því að leggja grunn að því landakorti, sem sýnir örnefni þau, sem tilgreind eru í konungasögum Snorra. Að öðru leyti hönnuðu Birna og Lóa glæsilega sýningarflekana, sýningarpúltið með fornleifunum, innihald spjaldtölvanna, skiltin tvö úti, þ.e. ofan við innganginn og framan við göngin, kynningarefnið og margt fleira. Þá ber að geta framlags þeirra heiðursmanna, sem lífguðu upp á staðinn með komu sinni hingað og vinnu. Annars vegar er um að ræða fyrrgreindan Bjarte Aarseth, sem var fenginn til að þróa og yfirfæra hönnun Sigríðar yfir í tré. Bjarte kom til landsins sumarið 2011 og síðan aftur 2012 og skar út þetta mikla verk fyrir framan gesti í sýningarsalnum. Hins vegar er um að ræða myndlistarmanninn Hall Karl Hinriksson, sem sá um málun verksins í þremur áföngum og gerði það af mikilli fagmennsku og hugviti.

Jónína Eiríksdóttir, verkefnisstjóri Snorrastofu, hafði yfirumsjón með öllu verkinu, sem var gríðarlega mikil vinna, enda komu að minnsta kosti 40 einstaklingar að málum. Það er meira en að segja það að koma þessu þrekvirki farsælega í höfn, og sérstaklega er öll sú yfirlega sem fylgir textavinnslu og þýðingum krefjandi þolinmæðisvinna, ekki hvað síst þegar hin ýmsu sjónarmið stangast á.

Bergur Þorgeirsson forstöðumaður Snorrastofu